

# FÉLAGSBLAÐ NÝÁLSSINNA

---

Fréttir og félagsmál

---

Til þess að sannleikurinn geti að notum komið, verður vitanlega  
að þiggja hann og treysta honum.

*Helgi Pjeturss*



---

Útgefandi: Félag Nýalssinna.  
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.  
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Umsjónarmaður:  
Ingvar Agnarsson.

# Fóbos, annað tungla Mars

(Sjá forsíðumynd)

Mars er næsta reikistjarna utan við braut jarðar og er 227 milljón km frá sólu. Umferðartími hans er 687 dagar.

Um Mars ganga tvö ör lítil tungl. Fóbos og Deimos.

Fóbos er 12 km í þvermál og fjarlægð hans frá yfirborði Mars er aðeins 6.100 km, eða nokkru minna en þvermál Mars, sem er 6.800 km, enda gengur Fóbos með geysihraða og fer eina hrингferð á 7 klst. og 39 mín.

Deimos er enn minni, eða 9 km í þvermál. Fjarlægð hans frá yfirborði Mars er 20.300 km og umferðartíminn er 30 klst. og 21 mín.

Ýmsar kenningar hafa verið uppi um þessi tvö tungl, m. a. þær, að þau kunni að hafa verið gerð af mannahöndum, þ. e. af hugsanlegum íbúum reikistjörnunnar Mars, áður en súrefnisleysi og aðrir erfðleikar hafi gert hnöttinn óbyggilegan. Hafi þeir svo getað hafst við á eða í þessum gervitunglum lengur eða skemur.

Nú er fullsannað, að þessar getgátur hafa ekki við rök að styðjast, og séu tunglin af náttúrlegum rótum runnin. Ljósmyndir, teknar úr geimflaugum, t. d. Mariner 9., 1971, sýna að Fóbos er ekki kúlulaga hnöttur, heldur óreglulega lagaður bergklumpur, með mörgum gígum eftir loftsteina á yfirborði. Lögun hans minnir þannig á ýmsa smáhnetti, sem tilheyra smástirnabeltinu milli Mars og Júpitors, en þar er mikill fjöldi slíkra „stjarna“ með óreglulegri lögun.

*Ingvar Agnarsson, 14/3, 1980.*

# Fréttir af félagsstarfi

## FÉLAG NÝALSSINNA

### Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1978

(Lagður fram á aðalfundi 7. apríl 1979).

#### E I G N I R :

Sparisjóðsbók nr. 25632 ...	Kr. 108.874	
„ nr. 37242 ...	— 22.791	
„ nr. 56715 ...	— 8.250	Kr. 139.915
Gíróreikningur nr. 6031 .....	—	32.259
Innbú .....	—	250.000
Bókasafn .....	—	3.000
Verðbréf .....	—	60.000
Skuldunautar .....	—	250.000
Skuldabréf .....	—	500.000

#### Fasteignir:

Álfhólsvégur fasteignamat	Kr. 16.885.000	
Njálgata 40 fasteignamat	— 6.539.000	
Land í Laugard. bókf. verð	— 500.000	— 23.924.000
		Kr. 25.159.174

#### S K U L D I R :

Lánardrottnar .....	Kr. 310.000
Dánargjöf .....	— 60.000
Skuldabréfalán .....	— 3.325.693
Höfuðstóll .....	— 21.563.481
	Kr. 25.159.174

10. janúar 1979,  
Gunnar Grímsson, gjaldkeri.

## Rekstrarreikningur 1978

### G J Ö L D :

#### KOSTNAÐUR:

*Álfhólsvegur:*

fasteignagjöld .....	Kr.	50.299
orka .....	—	125.491
símkostnaður .....	—	43.736 Kr. 219.526
Þinglýsingar og stimpilgjöld .....	—	80.200
Land í Laugardal, fjallaskil .....	—	2.650
Burðargjöld, gíróseðlar o. fl. ....	—	35.480

*Njálgsgata 40:*

Viðhald á húsi o. fl.	Kr.	262.473
Innb. frá Nýalsbúð	—	229.674
Vaxtarmismunur .....	—	32.473 Kr. 370.655
Afskrif'að af eignum .....	—	786.774
Afskrif'að af eignum .....	—	41.449
Tækjuafgangur .....	—	120.168
	Kr.	1.319.046

### T E K J U R :

Tekjur af sölu bóka .....	Kr.	122.390
Félagsgjöld .....	—	688.956
Gjafir .....	—	507.700
	Kr.	1.319.046

10. janúar 1979,

*Gunnar Grimsson, gjaldkeri.*

## Félagsfundur 2. maí 1979

Félagsfundur Nýalssinna 2. maí 1979, að Álfhólsvegi 121 í Kópavogi.

Varaformaður *Guðni Þorvaldsson*, setti fundinn kl. 21,13, vegna þess að formaður var ókominn. Litlu síðar kom Páll og tók hann þá við fundarstjórn.

Ritari, *Ingvar Agnarsson* las upp fundargerð aðalfundar og var hún samþykkt.

Pessu næst var spurt hvort fyrir lægju umsóknir um þátttöku í félagini, og kom fram ein umsókn, frá *Stella Guðmundsdóttur, Hófgerði 8, Kópavogi* og var hún samþykkt samhljóða.

*Ingvar Agnarsson* las frásögu sem nefnist *Blástirnið*, mjög svo eftirtektarverða. Er hún eftir Magnús Á. Árnason, listmálara og rithöfund, en birtist í bókinni: Úr fylgsnum fyrri tíðar, sem Ólöf Jónsdóttir hefur safnað saman til útgáfu. Pótti sögumanni, sem hann færí á annan hnött og fyndi þar fyrir mjög fullkomíð fólk, hávaxið og bjart yfirlitum, og sérstaklega tók hann fram að þessu fylgdi sú fullvissa, að eiga eftir að lifa líkamlegu framlífi. Nokkrar umræður urðu um þessa merkilegu frásögn, en að því búnu kvaðst Ingvar þurfa að hverfa af fundi og tók Þorsteinn Guðjónsson þá við starfi fundarritara, með samþykki fundarmanna.

Pessu næst tók til máls *Pórhallur Sigmundsson* og kvaðst ætla að segja nokkuð frá hugmyndum sínum um starfsemi félagsins. Hann kvaðst ekki vilja deila á neinn, heldur benda á verkefni. Hann lagði til að halddið yrði „opið hús“, til skiptis að Álfhólsvegi 121 og Njálgsgötu 40, þar sem yrðu kaffiveitingar og samræður, og mundi þetta stuðla að nánari kynnum félagsmanna. Hann sagðist álíta, að til væru ýmsar kvíkmyndir, sem væru áhugaverðar, frá sjónarmiði Nýals: stjörnufræðimyndir, fyrirburðafræðimyndir, Kirlian myndir, og væri vandinn sá einn, að hafa uppi á slíkum myndum og fá aðgang að þeim. Kvaðst Pórhallur ætla að gera tilraunir til að hafa uppi á slíkum myndum, jafnframt því, sem hann vildi þiggja aðstoð til þess. Þá sagðist Pórhallur oft hafa orðið þess var, þegar Félag Nýalssinna bæri á góma meðal fólks, að menn vissu hvorki upp né niður, og ekki væri heldur auðvelt að útskýra það í fáum orðum. En með því að eiga til t. d. venjulegan þríblöðung með spurningum og svörum um félagið og málefni þess, væri hægt að fá mönnum það í hendur, sem vekti áhuga þeirra.

„Ég vil með þessu benda landsmönnum öllum á, hvað Félag Nýalssinna er“, sagði Pórhallur.

*Halldór Vigfússon* kvaddi sér hljóðs, og kvað mikla nauðsyn á útbreiðslustarfi.

*Magnús Skarphéðinsson* lauk miklu lofsorði á tillögur Pórhalls, en spurði, hvernig hann hefði hugsað sér að dreifa upplýsingum þessum.

*Guðni Þorvaldsson* taldi, að slíkur ritlingur ætti að vera sem hlutleysislegastur, en við það miðaður að vekja forvitni og áhuga. Ýmsir bentu á, að ekki væri nóg að segja þeim, sem væru að vakna til áhuga á þessum efnum, að lesa Nýal í sex bindum, heldur þyrfti að hafa eitthvað styrra til að örva áhuga þeirra.

*Páll Steinarsson* sagði, að gott væri að hafa til rit af fjölbreyttri gerð til að bjóða fólki, styrti og lengri. Að vísu mætti ekki binda of miklar vonir við yfirborðskennan áhuga á þessu máli, en þó væri æskilegt að veita mönnum sem réttastar upplýsingar, og gæti það orðið til að vekja upp endurnýjaðan áhuga síðar. „Líf er á öðrum stjörnum“, kvað hann vera gagnlega bók til fyrstu kynningar.

*Magnús Skarphéðinsson* sagði, að einungis fá prósent landsmanna vissu um Félag Nýalssinna, eða hvað það væri, og kvað tillögur Pórhalls og umræður í því sambandi vera einmitt hina réttu byrjun. Félagið þyrfti að hafa á boðstórum bæði lítil rit, stærri rit og upplýsingablöð. Magnús lauk miklu lofsorði á ritstörf Porsteins Guðjónssonar, en Porsteinn þakkaði fyrir þau lofsorð.

*Pórhallur* tók aftur til máls og benti á, að áhugi á málefnum skvldum Nýal: fljúgandi diskum, fyrirburðafræði, lífgeislamyndum o. fl. væri mjög almennur, og þessum áhuga þyrfti að beina í rétta átt. Guðni Þorvaldsson og Páll Steinarsson töldu vera um almennan áhuga að ræða, sem gæti farið að beinast til Nýals, ef vel tækist til. Almennt kom fram í umræðunum, að menn yrðu að varast að hafa nokkurt áróðursbragð eða hávaða á því að kynna málefnið, heldur yrði þetta að gerast með hægð og gát, þannig að það vekti fólk til umhugsunar.

*Helgi Guðlaugsson* kvaddi sér hljóðs og fór lofsamlegum orðum um tillögur Pórhalls, og væri vel, ef þær næðu fram að ganga. Kvað hann sumt af þessu hafa komið fram áður, en það væri þó ekki aðalatriðið, heldur hitt, að samtaka starf væri innan félagsins, til að standa að framkvæmd þessara verka. Væri slíkt fyrir hendi, mundu bæklingar og annað slíkt koma að notum, en annars

ekki. Helgi hvatti til samstarfs og vaxandi starfs innan félagsins og lauk svo ræðu sinni við góðar undirtektir fundarmanna.

Páll Steinarsson bað menn nú bera fram önnur mál, ef fyrir lægju, en svo var ekki og sleit hann því fundi kl. 10,20. 12 manns sátu fundinn.

*Porsteinn Guðjónsson, fundarritari.*

## Félagsfundur 6. júní 1979

Félagsfundur var haldinn miðvikudaginn 6. júní 1979 og hófst kl. 9 e. h.

*Formaður, Páll Steinarsson, setti fundinn og stjórnaði honum.*

*Ingvar gat þess, að Áshildur Öfjörð hefði átt viðtal við sig í síma*

*Porsteinn Guðjónsson minntist Árna Óla, blaðamanns, sem lést 5/6 1979. Gat Porsteinn um bækur hans og ritgerðir og um skilning hans á kenningu Helga Pjeturss og um það liðsinni, sem hann hefði jafnan veitt Nýölskum málstað.*

*Porsteinn las fundargerð, vegna fjarveru Ingvars Agnarssonar og var hún samþykkt samhljóða.*

### Draumur:

*Porsteinn Guðjónsson las draum, sem Grétar Birgis dreymdi um ferðalag frá Hornafirði til Akureyrar, að honum þótti, en landslag var þó allt annað en er á þessum slóðum. Parna var því um miklar rangþýðingar að ræða. Urðu umræður nokkrar um drauminn og um drauma almennt á eftir lestri Porsteins.*

### Saga frá Tíbet.

*Ingvar Agnarsson las frásögn Bill Franklin um það, hvernig munkar nokkrir í Tíbet fluttu stóra steina hátt upp í fjall, með hugarkrafti og samstílltu átaki, og hvernig þeir notuðu ýmis hljóðfæri til að ná þessari samstillingu og til að öðlast vald yfir þeim kröftum, sem hér voru að verki.*

*Tóku ýmsir til máls um efni þessarar frásagnar.*

*Gunnar Grímsson sagði, að þótt slíkt þætti furðulegt hér á okkar jörðu, þá væru slíkir atburðir áreiðanlega algengir á öðrum*

stjörnum. En dásamlegt væri, að til skuli vera menn á okkar jörd, sem hafa þessa hæfileika.

Pétur Gíslason ræddi um efnafraði í þessu sambandi; um litninga, litningasambönd. Yggdrasill = lífsins tré, tengir okkur við himininn. Margt hér eyðileggur lífsins tré, lífsambandið. Grimmd eyðileggur framlífið. Allt líf jarðar er skylt; allt líf jarðar verður að þróast samtímis. Próunin er í því fólgin, að tengjast þráðum algjörrar fullkomnunar, annarra stjarna og annarra vetrarbrauta. Lögmál dýnamóanna. Stökkbreytingar. Dularfull fyrirbrigði þurfa ekki að vera óskiljanleg með hinni nýju efnafraði.

### Önnur mál.

*Tillögur að reglugerð um nefndaskipan hjá Félagi Nýalssinna.*

Páll las upp þessar tillögur, um húsnefndir, verslunarnefnd, landeignanefnd, ritnefnd.

*Tillaga frá félagsstjórn um nefndaskipan Félags Nýalssinna, (með bliðsjón af tillögum Magnúsar Skarphéðinssonar).*

- I. Aðalfundur befur æðsta vald i málefnum nefnda félagsins.
- II. Fastanefndir félagsins eru: Verslunarnefnd, landeignanefnd, húsnefndir og ritnefnd.
- III. Á hverjum aðalfundi skal kosið í allar fastanefndir félagsins, nema húsnefndir.
- IV. Allar aðrar nefndir en þær, sem nefndar eru í 2. grein, teljast lausanefndir.
- V. Við skipan lausanefnda skal þeim sett fyrir ákveðið og skýrt afmarkað verkefni. Auk þess skal kveðið á um, hvenær verkefni þeirra skuli vera lokið, að forfallalausu.
- VI. Umboð lausanefnda skal aldrei vera lengra en 1 ár í senn. Ef þörf gerist, má kjósa þær aftur, að þeim tíma liðnum.
- VII. Stjórn félagsins leggur fram tillögur um menn i fastanefndir, en um húsnefndir gilda fyrri samþykktir.
- VIII. Miðað skal við að 3 menn skipi hverja nefnd. Pó skulu húsnefndir skipaðar 5 manns.

- IX. Allar opinberar yfirlýsingar, bréfaskriftil, auglýsingar eða útgáfur í naðni félagsins skulu vera samþykktar af stjórn félagsins.
- X. Heimilt er að nefndir félagsins hafi sjálfstæðan fjárhag. Skal þá gjaldkera félagsins aðhent yfirlit yfir fjármál þeirra nefnda, í janúar hvert ár fyrir umliðið ár.
- XI. Segi nefndarmaður eða menn af sér, skulu þegar á næsta félagsfundi kosnir aðrir í þeirra stað.
- XII. Samþykkt þessari verður ekki breytt nema á aðalfundinum.
- XIII. Með setningu þessarar reglugerðar öðlast ákvæði hennar þegar í stað gildi, auk þess sem umboð áðurkosinna nefnda fellur úr gildi.

#### STARFSLÝSING FASTANEFNDÁ:

**VERSLUNARNEFND:** Verkefni verslunarnefndar er að koma á fót og sjá um rekstur verslunar að Njálgsgötu 40 í Reykjavík.

**LANDEIGNANEFND:** Verkefni landeignanefndar er að vinna að skiptingu á landareign félagsins að Gröf og gera tillögur um framtíðaráætlanir í því sambandi, m. a. með það i buga að koma þar upp sumarbúðum félagsins.

**HÚSEIGNANEFNDIR:** Verkefni búsnefnda eru:

1. Að sjá um meðferð og rekstur búseigna félagsins að Álfþólsvegi 121 og Njálgsgötu 40.
2. Að sjá um að unnt sé að halda a. m. k. einn opinnsambandsfund í búsakynnum félagsins vikulega.
3. Að standa fyrir reglugum fyrirlestra- og umræðufundum í samráði við stjórn félagsins.
4. Að stuðla að og hvetja til þess, að einstakir hópar innan félagsins vinni að ýmsum sérverkefnum.
5. Að sjá um að greiða orkureikninga, símareikninga og aðra almenna rekstrarreikninga sambandsstöðvanna.

**RITNEFND:** Verkefni ritnefndar eru að skila tilögum til stjórnar um útgáfustarfsemi félagsins og stjórnin getur síðan falið nefndinni einstök verkefni.

Reglugerð stjórnar var síðan borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkvæðum gegn 1.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 23,15.

*Ingvar Agnarsson, fundarritari.*

## Félagsfundir í júlí og ágúst

fíllu niður, samkvæmt fundarsamþykkt fyrr á árinu.

*I. A.*

## Félagsfundur 5. september 1979

*Formaður, Páll Steinarsson, setti fundinn og var jafnframt fundarstjóri.*

Páll bað Þorstein Guðjónsson að lesa tvær draumasögur eftir Grétar Birgis og þóttu þær fróðlegar og skemmtilegar.

Páll bað síðan Þorstein að lesa álitsgerð um för þeirra Páls austur að Gröf í Laugardal, til að kanna landamæri. Eftir að Þorsteinn hafði lesið þessa álitsgerð, bar Páll fram eftirfarandi tillögu:

Tillaga til ályktunar félagsfundar Nýalssinna, haldinn að Álfhólsvégi 121, þann 5. sept. 1979:

*Samkvæmt nýlegri könnun á staðháttum, ber saman teikningu Jóns Sigurjónssonar, verkfræðings, á hinu uppskipta landi í Gröf í Laugardal, þeirri sem öll skipti hafa miðast við, loftmynd af sama svæði og miðunarlinu frá Setbergi í Graðarból, en sú lína er undirstaða landsskiptingarinnar.*

*Ef þeir, sem stóðu að afsali af hendi félagsins til Margrétar Bjarnadóttur og fleiri, þ. 7. des. 1978, geta sannað, að kort það, sem afsalið var byggð á, sé bið rétta, væri það félagini í hag.*

*Ef hinsvegar kort Jóns Sigurjónssonar, sem sömu aðilar byggðu kaupsamning á, við nefnda kaupendur, reynist rétt, í samræmi við ofangreinda könnun, þá beinir fundurinn því til þeirra aðila, sem að afsalinu*

- IX. Allar opinberar yfirlýsingar, bréfaskriftir, auglýsingar eða útgáfur í naðni félagsins skulu vera samþykktar af stjórn félagsins.
- X. Heimilt er að nefndir félagsins hafi sjálfstæðan fjárhag. Skal þá gjaldkera félagsins aðhent yfirlit yfir fjármál þeirra nefnda, í janúar hvert ár fyrir umliðið ár.
- XI. Segi nefndarmaður eða menn af sér, skulu þegar á næsta félagsfundi kosnir aðrir í þeirra stað.
- XII. Samþykkt þessari verður ekki breytt nema á aðalfundi.
- XIII. Með setningu þessarar reglugerðar öðlast ákvæði hennar þegar í stað gildi, auk þess sem umboð áðurkosinna nefnda fellur úr gildi.

#### STARFSLÝSING FASTANEFNDÁ:

**VERSLUNARNEFND:** Verkefni verslunarnefndar er að koma á fót og sjá um rekstur verslunar að Njálgsgötu 40 í Reykjavík.

**LANDEIGNANEFND:** Verkefni landeignanefndar er að vinna að skiptingu á landareign félagsins að Gröf og gera tillögur um framtíðaráætlanir í því sambandi, m. a. með það i huga að koma þar upp sumarbúdum félagsins.

**HÚSEIGNANEFNDIR:** Verkefni búsnefnda eru:

1. Að sjá um meðferð og rekstur húseigna félagsins að Álfhólsvegi 121 og Njálgsgötu 40.
2. Að sjá um að unnt sé að halda a. m. k. einn opinn sambandsfund í búskynnum félagsins vikulega.
3. Að standa fyrir reglugum fyrirlestra- og umræðufundum í samráði við stjórn félagsins.
4. Að stuðla að og hvetja til þess, að einstakir hópar innan félagsins vinni að ýmsum sérverkefnum.
5. Að sjá um að greiða orkureikninga, símareikninga og aðra almenna rekstrarreikninga sambandsstöðvanna.

**RITNEFND:** Verkefni ritnefndar eru að skila tilögum til stjórnar um útgáfustarfsemi félagsins og stjórnin getur síðan falið nefndinni einstök verkefni.

Reglugerð stjórnar var síðan borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkvæðum gegn 1.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 23,15.

*Ingvar Agnarsson, fundarritari.*

## Félagsfundir í júlí og ágúst

fíllu niður, samkvæmt fundarsamþykkt fyrr á árinu.

*I. A.*

## Félagsfundur 5. september 1979

*Formaður, Páll Steinarsson, setti fundinn og var jafnframt fundarstjóri.*

Páll bað *Þorstein Guðjónsson* að lesa tvær draumasögur eftir Grétar Birgis og þóttu þær fróðlegar og skemmtilegar.

Páll bað síðan *Þorstein* að lesa álitsgerð um för þeirra Páls austur að Gröf í Laugardal, til að kanna landamæri. Eftir að *Þorsteinn* hafði lesið þessa álitsgerð, bar Páll fram eftirfarandi tillögu:

Tillaga til ályktunar félagsfundar Nýalssinna, haldinn að Álfhólsvegi 121, þann 5. sept. 1979:

*Samkvæmt nýlegri könnun á staðháttum, ber saman teikningu Jóns Sigurjónssonar, verkfræðings, á binu uppskipta landi í Gröf í Laugardal, þeiri sem öll skipti bafa miðast við, loftmynd af sama svæði og miðunarlinu frá Setbergi í Grafarhól, en sú lína er undirstaða landsskiptingarinnar.*

*Ef þeir, sem stóðu að afsali af hendi félagsins til Margrétar Bjarnadóttur og fleiri, þ. 7. des. 1978, geta sannað, að kort það, sem afsalið var byggt á, sé hið rétta, væri það félaginu í hag.*

*Ef hinsvegar kort Jóns Sigurjónssonar, sem sömu aðilar byggðu kaupsamning á, við nefnda kaupendur, reynist rétt, í samræmi við ofangreinda könnun, þá beinir fundurinn því til þeirra aðila, sem að afsalinu*

stóðu, að þeir geri tillögur um það til stjórnarinnar, hvernig leysa megi ágreiningsmál, sem risið hafa vegna sölu á landi úr þessari spildu félagsins (bakkanum að læknum). — Páll Steinarsson.

Var þessi tillaga samþykkt samhljóða.

Páll bar því næst fram eftirfarandi tillögu:

*Almennur félagsfundur í Félagi Nýalssinna, haldinn að Álfhólsvegi 121, 5. september 1979, heimilar stjórn félagsins að leita eftir tilboðum í land fyrir einn summar bústað í landi félagsins að Gröf í Laugardal og heimilar sölu, ef viðunandi tilboð fæst.*

Nokkrar umræður voru um efni tillögunnar og lagði Þorsteinn Guðjónsson til að bætt yrði við tillöguna: „Þó skal ekki hafist handa um sölu, nema aðrar fjároflunarleiðir komi ekki til greina“, og var hún samþykkt samhljóða í þeirri mynd.

Pá voru kosningar nefnda á dagskrá.

Pétur Gíslason var með þá tillögu um verslunarnefnd, að hún yrði ekki kosin, því að nefnd með slíku nafni ætti ekki heima í Félagi Nýalssinna. Og var kosningu verslunarnefndar frestað, þar sem enginn „sem að henni stóð, var mættur á fundinum.

Útgáfunefnd var kosin samhljóða; Ingvar Agnarsson, Þorsteinn Guðjónsson og Kjartan Norðdahl.

Í Landeignanefnd voru kosnir samhljóða: Þorsteinn Guðjónsson, Guðmundur Jónsson, Kópsvatni og Olgeir Möller.

Pá var sá liður fundar, er kallast „*önnur mál*“. Sveinn Haraldsson minntist á þakleka að Álfhólsvegi 121 og þörf á úrbótum. Nokkrar umræður voru um Fréttablað Nýalsbúðar og voru allir sammála um, að það væri Félagi Nýalssinna til vansæmdar. Rætt var um útgáfu bókar með safni greina um Nýal og Helga Pjeturss og var eftirfarandi tillaga um bókina samþykkt samhljóða:

*Almennur félagsfundur í Félagi Nýalssinna, haldinn að Álfhólsvegi 121, 5. september 1979, heimilar Þorsteini Guðjónssyni að gefa út í naftni félagsins bók, með safni greina um Nýal og Helga Pjeturss. Heimildin er bundin því skilyrði, að Anna Pjeturss og Þórarinn Pjeturss samþykki útgáfu bókarinnar.*

Síðan var fundi slitið kl. 22,50.

*Daniel Ingi Pétursson, fundarritari.*

## Félagsfundur 3. október 1979

Félagsfundur var haldinn miðvikudaginn 3. október 1979 og hófst kl. 21.

Formaður félagsins, *Páll Steinarsson*, setti fundinn og stjórnaði honum.

*Ingvar Agnarsson* las fundargerð frá 6. júní 1979 og var hún samþykkt.

*Daniel Ingí Pétursson* las fundargerð frá 5. sept. 1979, en hann var fundarritari á þeim fundi, vegna fjarveru Ingvars. Fundargerðin var samþykkt einróma.

*Ingvar Agnarsson* las frásögnina „Áminning sem dugði“, eftir Ingimar Óskarsson, grasafræðing og birtist í bókinni „Úr fylgsnum fyrri tíðar“, eftir Ólöfu Jónsdóttur. Segir Ingimar frá merkilegri reynslu sinni á unglingsárum, sem m. a. var fólgin í því, að hann dreymdi skýra drauma. Pótti honum þá stundum, sem væri hann leiddur á ýmsa staði í Svarfaðardal (en þar átti hann þá heima) og honum sýnd ýmsar fáséðar jurtir, en snemma snerist hugur hans að ýmiskonar náttúruskoðun. Draumar þessir voru svo skýrir, að daginn eftir gat hann farið eftir þeirri leiðsögn, sem hann hlaut í draumnum, og fundið staðina, þar sem hinár fágætu jurtir uxu, jafnvel stundum hátt til fjalla. En um femingu varð endir á þessum merkilegu draumfórum hans.

*Pétur Gíslason* tók til máls og ræddi um það atriði frásagnarinnarr, að Ingimar hvarf að mestu sambandshæfileikinn um fermingu. Taldi hann að þetta mundi vera allalgengt, og gerði ráð fyrir, að rekja mætti þetta til fermingarundirbúnings, og þess, að ganga formlega í trúarsamfélög, sem á ýmsan hátt væri andstætt hæfileikanum til raunverulegs sambands við þá, sem lengra eru komnir.

*Sveinn Haraldsson* ræddi um þá furðulegu hæfileika sumra miðla, að andlit þeirra breytist eftir því, hvaða vera er í sambandinu, og hafði þar í huga breskan miðil, sem nýlega var hér á landi, á vegum Sálarrannsóknafélags Íslands, en hún hafði þá sérstæðu hæfileika, að andlit hennar breyttist mjög, eftir því, hver var í sambandinu, og stundum kom það jafnvel fyrir, að líkami hennar lengdist, varð allt að því höfði hærri, en hún á að sér að vera, ef stórvaxinn maður var í sambandi á fundum hennar.

*Þorsteinn Guðjónsson* ræddi um „Nýalskar draumaathuganir frá erlendum mönnum“. Þorsteinn hafði nýlega fengið bréf frá enskum manni, John Alexander, ættuðum frá Ástralíu, og las hann hluta

úr efni þess, og skýrði sumt. Bar bréf hans vitni um Nýalskan skilning hans á draumum, enda er hann orðinn kunnugur hinni Nýólsku draumakenningu.

Pá ræddi Þorsteinn um „Álfia og álfanöfn“, en það er grein, sem Guðm. Jónss. á Kópsvatni hafði sent honum. Álfur mun þýða: hinn hvíti eða hinn bjarti. Greinin fjallaði annars mest um ýmis nöfn á álfum og huldufólk.

Páll Steinarsson talaði um sambandshæfileika manna og þá staðreynd, að mjög margir þora ekki að segja frá sýnum sínum og annarri reynslu, vegna þess, að sumum þykir slíkar frásagnir tortryggilegar.

Ingvar sagði frá því, að einn af félögum okkar sá oft sýnir, er hann lagði sig dagtíma með lokuð augu, án þess þó að sofna. Var þar oft um að ræða sýnir af fólki með annað útlit en gerist hér á jörð, og virtist það búa í afar sérkennilegum húsum. En eitt sinn sagði hann vinnufélaga sínum frá þessum sýnum, en sá brást illa við og sagði hann vera að ljúga þessu öllu að sér. Eftir þetta brá svo við, að sýnirnar hurfu með öllu, og þótti þessum félaga okkar það mikill skaði.

Þorsteinn Guðjónsson mælti: Sannfæring einstaklinga, vel fengin, er eitthvert sterkasta aflið, sem unnt er að hafa ráð á.

Talsverðar umræður urðu um stilliáhrif og fleira þess háttar og tóku til máls: Páll Steinarsson, Þorsteinn Guðjónsson, Ingvar Agnarsson, Sveinn Haraldsson og Pétur Gíslason.

Pétur Gíslason: Stilliáhrifin stafa frá mönnum, sem við sjáum sjaldan, en ekki frá mönnum, sem við umgöngumst daglega.

### Önnur mál.

Vetrarstarf. Komið hefur til orða, að fá hingað enskan miðil, en enn hefur ekkert verið unnið að þessu máli. Ef af þessu yrði, þá kæmu hér til greina fjárhagsástæður, því mikið fé kostar að fá hingað erlendan miðil.

Þorsteinn Guðjónsson minntist á bók sína Málþing Íslendinga og gat þess að hann hefði talað við Önnu Pjeturss og Pórarinn Pjeturss og fengið samþykki þeirra fyrir útgáfu bókarinnar, en síðasti félagsfundur samþykkti að hún yrði gefin út í nafni Félags Nýalssinna. Þorsteinn minntist einnig á, að ef einhver hagnaður yrði af sölu bókarinnar, þá hefði hann í huga, að efna til sjóðsstofnunar, sem hefði það markmið, að hjálpa víetnamska flóttafólkini, sem nú er hingað komið, til þess að komast aftur síðar

til síns heimalands, eða til einhvers annars Asíulands, sem betur ætti við eðli þess og uppruna.

Var að þessu gerður góður rómur.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 23,10.

*Ingvar Agnarsson, fundarritari.*

## Félagsfundur 7. nóv. 1979

Félagsfundur var haldinn miðvikudaginn 7. nóv. 1979 og hófst kl. 21,00.

*Ingvar Agnarsson* setti fundinn í fjarveru formanns, Páls Steinssonar, en *Porsteinn Guðjónsson* tók að sér fundarstjórn.

*Ingvar* las fundargerð síðasta fundar, 3. október og var hún samþykkt.

*Margrét Jóhannsdóttir* sagði frá fyrirbærum í fiskgeymsluhúsi í Sandgerði, en hún var þar ráðskona í verbúð.

Hún heyrði oft umgang og tal fólks og hávaða eins og verið væri að vinna þarna. En þar var ekki um fólk að ræða. Aldrei varð hún hrædd við þetta, þótt ein væri og stundum í myrkri, en hún var annars í eðli sínu mjög myrkfælin. Meðan hún var ráðskona þarna, datt henni aldrei í hug draugagangur, og var henni það mikið happ

### Draumur Margrétar.

Margrét var á bæ einum í Mýrdal, og von var á gestum daginn eftir. Hana dreymdi þá, að henni fannst hún vera stödd í útihúsi og sa þar kartöflur, en þær hafði hana einmitt vantað, til að geta tekið sómasamlega á móti gestunum, sem von var á. Þar sem hún er stödd þarna í útihúsínu, kemur til hennar bláklædd kona og biður hana að gefa sér kartöflur og gerir hún það. Konan sagði: „Pitt skal ekki verða minna fyrir þetta“. Við þetta vaknaði hún.

En um morguninn leystist úr kartöfluleysinu, því krakki var sendur frá næsta bæ til hennar með kartöflur, og hafði fólkið þar gert ráð fyrir að hana vantaði þær.

Fleiri draumum sagði Margrét frá og verða þeir ekki raktir hér.

*Porsteinn Guðjónsson* talaði næstur og gerði ráð fyrir að skilja mætti drauminn, með því að ætla, að önnur kona á öðrum stað,

sem í draumnum hefði verið draumgjafi Margrétar, hefði gefið annarri konu kartöflur.

Pétur Gíslason og Svava Jónsdóttir tóku til máls og ræddu um draum Margrétar og skýringar á honum. Svava sagði, að sér virtist svo, sem oft væru þeir ríkastir, sem mest gæfu og væru örlátastir.

Halldór Pjeturss talaði um drauma, og kvaðst vera að safna efni í bók um drauma.

Síðan las hann eigin draum: „*Steinasöfnun í draumi*“. En þar finnst honum hann vera að safna fögrum jaspissteinum og bera þá saman í hrúgu í gjótu einni, og fékk síðan menn til að hjálpa sér að byrgja gjótuna með stórum hellum, sem hann sér eftir á, að eru miklu meiri en svo, að mennskir menn gætu valdið. Í draumnum kemur einnig fram fjarsýn, þ. e. draumgjafi. Halldór sér í fjarsýn afar stóran og fagran jaspisstein, en sú sýn hvarf honum jafnskyndilega og hún birtist, og hélt draumurinn áfram, eftir þetta innskot, eins og áður.

Síðan las Halldór draumin: „*Minni dauði*“, sem hann hefur skrásett eftir frásögn Sveins Einarssonar frá Miðhúsaseli í Fellum. En þótt frásögnin líkist mjög draumi, þá er Sveinn þess fullviss, að hann hafi verið vakandi allan tímann, sem hann var að dreyma og að um aðskilnað milli sálar og líkama hafi verið að ræða.

Porsteinn Guðjónsson gerði síðari draumin að umtalsefni. Hugsanleg skýring væri, að Sveinn hefði komið fram sem líkamningur á öðrum hnetti. Helgi Pjeturss áleit, að maður hér á jörðu gæti komið fram á öðrum hnetti um stundarsakir. Vel mætti þó hugsa sér, að hér hafi verið um draumgjafa að ræða og þar með svefnástand Sveins, þótt honum fyndist annað. Porsteinn gat þess, að hann vissi um annað atvik, hliðstætt þessu. Maður að nafni Eyjólfur í Borgarfirði hafði frá líkri reynslu að segja, og kom þá fyrir, að hann varð alveg kaldur, þar sem hann lá í rúmi sínu, á meðan þessu fór fram.

Sveinn Haraldsson mælti á þessa leið: Sveinn Einarsson vissi af sér allan tímann, en slíkt er ekki algengt í draumi. Petta gæti bent til þess, að hann hafi orðið líkamningur á öðrum hnetti um stutta stund og því hafi öðrum, sem þar voru staddir, virst hann vera fullkominn maður.

Pétur Gíslason talaði og áleit að maðurinn hafi á einhvern hátt farið úr líkamanum meðan á þessu stóð.

Porsteinn Guðjónsson: Samkvæmt skýrgreiningu Pjeturs Gíslasonar, hefur maðurinn getað orðið líkamningur á öðrum hnetti

og þeir þar tekið hann sem slíkan. Nefna mætti, að sá atburður gerðist, að Eyjólfur Eyfells hvarf úr rúmi sínu um stund, en kom þar fram aftur síðar.

*Ingvar Agnarsson* sagði frá því, að Árni Jónasson, búsettur á Skógarströnd, skömmu fyrir síðustu aldamót, varð eitt sinn úti uppi á heiðum í óveðri miklu, með frosti og fannkomu, sem hélst dögum saman. Maðurinn kom ekki fram í nokkra daga og var talinn af. En er upp stytti, skilaði hann sér heim, þurr og vel haldinn, og urðu allir hissa á útliti hans og þóttust hafa heimt hann úr helju, svo að þarna urðu m'klir fagnaðarfundir. En engum sagði hann nokkru sinni, hvað fyrir hefði komið, eða hvað hefði orðið honum til bjargar. En í framkomu var hann nú orðinn breyttur maður. Hann, sem áður hafði verið glaðsinna og mannblendinn, varð nú allra manna þögulastur og ómannblendnastur.  
— Hvað hafði komið fyrir? Hvar hafði hann verið, þessa daga, sem óveðrið geisaði? Hvernig er hægt að skýra atburði sem þessa?  
— Hliðstæðar sagnir eru reyndar til í þjóðsögum, og þá oftast kennt til álfa eða huldufólks.

*Halldór Pjetursson* sagði frá slysi bílstjóra nokkurs. En þar sem hann lá nú meðvitundarlaus á götunni, þá þóttist hann sjá sjálfan sig, en þó aðeins efri hlutann.

*Porsteinn* gat þess til, að hér hefði getað verið um sýngjafa að ræða og hefði sá verið að horfa á líkömun manns á öðrum hnetti.

*Sveinn Haraldsson* bar fram þá spurningu, hvort hugsanlegt væri, að maður gæti afefnast hér og dvalið um alllangan tíma á öðrum hnetti, eins og geta mætti sér til um af frásögn Ingvars. Ef svo væri, þá hefði sá maður komið hér fram til framhaldslífs í raun og veru.

*Porsteinn Guðjónsson* gat þess, að stundum væri einskonar ævintýrablaer á draumum, þar sem hugarafl er notað til að færa þunga hluti úr stað. — Þá minntist hann á þann atburð, að maður nokkur úr Borgarfirði hefði týnt svipu sinni uppi á Arnarvatnshéði, en síðar gerðist það, að Eyjólfur Eyfells sá svipuna í svipsýn, og síðar, er hann kom á þessar slóðir, gat hann fundið svipuna án erfiðleika. Parna gat ekki hafa verið um neinn jarðneskan mann að ræða sem sýngjafa. Skýringarinnar hlýtur því að vera að leita út fyrir jörðina.

*Pétur Gíslason* ræddi um reynslu Margrétar Jóhannsdóttur. Hún varð ekki hrædd, þótt hún væri í eðli sínu myrkfælin. Hún gæti því hafa verið í einhverskonar leiðslu.

Pá ræddi hann nokkuð ummanninn (Árna), sem Ingvar sagði frá. Honum hefur verið haldið uppi af æðra afli og af hug heimilisfólksins og vinir hans og vandamenn hafa stillt hann til slíkra sambanda, sem hafa orðið honum til bjargar.

### Önnur mál:

Porsteinn sagði frá því, að Gunnar Dal, rithöfundur, hefði hringt til sín nýlega vegna útkomu bókar hans: Heimspekingar Vesturlanda, en þar birtir hann skrá um íslenska heimspekinga og þar er nafn Helga Pjeturss efst á blaði og einnig nafn Björns Gunnlaugssonar. Gunnar sýnir hér vinsemdu í garð Nýals og málefnis okkar og hyggur Porsteinn, að þetta verði málefninu til framdráttar.

*Halldór Pjetursson* mælti á þessa leið: „Ég var að verða blindur á öðru auganu. Ég gat ekki orðið lesið dagblöð eða annað, nema með stækkunargleri. Allt í einu tók ég eftir, að ég var farinn að sjá miklu betur en áður. Augun eru með hálfógagnsæja augasteina. Læknar vildu skera upp augun, en því hefur nú verið frestað. Um tveir mánuðir eru nú liðnir, síðan ég fór að geta lesið án stækkunarglers. Ég tel mig eiga þessa lækningu að þakka krafti, sem ég hef fengið að reyna á miðilsfundum Nýalssinna hér í stöðinni.

*Porsteinn Guðjónsson* hafði frá svipuðu að segja. Kona kom hingað á sambandsfund, og var eins og henni væri vísað hingað af æðri leiðsögn. Sjón hennar hafði farið mjög hrakandi. En allt í einu gat hún kastað gleraugunum og lesið án þeirra. Þetta var Sigurrós Jóhannsdóttir. Hún skrifaði um þetta frásögn, sem birtist í Félagsblaðinu og endar með þessum orðum: „Og er það áframhaldandi, að ég sé mikið vel“.

*Halldór Pjetursson* sagðist hafa verið á miðlsfundi hjá Nýalssinnum. Par kom Bólu-Hjálmar í sambandið og sagði m. a. að Rússar væru langt komnir í rannsóknum á þessu sviði, þ. e. um lífið á öðrum stjörnum.

*Porsteinn Guðjónsson* sagði frá því, að ráðstefna eðlisfræðinga Rússa og Bandaríkjamaðranna hefði verið haldin í Kákasus fyrir nokkrum árum og hefði þar verið borið fram eft'rfarandi: „Þið ættuð að hugleiða hugsambönd við menn á öðrum stjörnum“. Þetta er athyglisverð frétt.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 23,30.

*Ingvar Agnarsson, fundarritari.*

## Félagsfundur 5. desember 1979

Fáir mættu á þessum fundi, svo að ekki var fundur settur eða höfð önnur formleg fundarsköp. En þeir sem komu, ræddu saman um ýmislegt er snertir Nýalsmálefni: Drauma, fyrirbæri, miðils-fundi o. fl. og var samstilling hin besta. Vegna þess, að ekki voru nein formleg fundarsköp, var heldur engin fundargerð rituð.

I. A.

## TIL LESENDA FÉLAGSBLAÐS NÝALSSINNA:

Tilgangur Félagsblaðs Nýalssinna er m. a. sá, að veita félögum ýmsar upplýsingar um það, sem helst er að gerast hverju sinni í starfsemi félags okkar, og um eitt og annað, er snertir þau málefni, sem við kennum okkur við.

Allir félagar í Félagi Nýalssinna vilja framgang Nýalsstefnunnar sem mestan. Allir, sem ganga í félagið, eru því með nokkruum hætti að styðja þetta málefni. Enda þörfin brýn, að sem flestir leggist á eitt, með að afla málefni fylgis, og að kynna öðrum undirstöðuatriði hins Nýalska heimsskilnings.

### LÍFGEISLAR.

Í þeim tilgangi m. a. hefur tímaritið *Lífgeislar* verið gefið út undanfarin ár. Allir félagsmenn ættu helst að vera áskrifendur þess, og þyrftu einnig að reyna að afla því sem flestra áskrifenda, utan raða félagsmanna.

### BREYTT HEIMILISFÖNG.

Mjög er nauðsynlegt að móttakendur félagsblaðsins tilkynni um breytt heimilisföng ef bústaðaskipti verða. Því aðeins getur blaðið borist þeim skilvíslega.

Með bestu kveðjum,

*Ingavr Agnarsson.*

## BÆKUR OG TÍMARIT

DRAUMAR OG SVEFN, eftir Þorstein Jónsson á Úlfss töðum.  
84 síður. Verð kr. 1200.

TIL ÞÍN. Ljóðabók eftir Þorstein Jónsson, 136 s. Verð kr. 3000.

GUDIRNIR Á SÍRÍUSI. Vitranasaga eftir K. O. Schmidt.  
Verð kr. 2000.

LÍF ER Á ÖÐRUM STJÖRNUM, eftir Þorstein Guðjónsson.  
Verð kr. 700.

ASTROBIOLOGY, e. Þorstein Guðjónsson. 208 s. Verð kr. 3000.  
Til sölu er einnig:

LEBENSMEISTERUNG DURCH PSYCHODYNAMIK — bók  
um það að ná tökum á lífsafli sínu, sjálfum sér og öðrum til fram-  
fara. Bókin er á þýzku máli, og er eftir A. R. Walther, arftaka  
K. O. Schmidts, sem heldur áfram verki hans að honum látnum.  
Frá forlagi AT í Sviss. Verð 27.00 svissneskir frankar, sem um-  
reiknast í krónur á söludegi.

NEUES DENKEN, tímarit, sem er tengiliður hreyfingar um málefni  
K. O. Schmidts í Pýzkalandi og víðar. Ársáskrift DM 24.00.  
Ritstjóri A. R. Walther.

Pöntunum um ofanskráð rit veitt viðtaka í s. 41006 eða í *Pósthólf*  
722, Reykjavík.

LÍF EISLA ÚTGÁFAN

## EFNISYFIRLIT:

Fóbos, annað tungla Mars (Sjá forsíðumynd) I. A. ..... Bls. 22

### FRÉTTIR AF FÉLAGSSTARFI:

Efnahagsreikningur F. N. pr. 31. des. 1978 .....	— 23
Rekstursreikningur F. N. 1978 .....	— 24
Félagsfundur 2. maí 1979 .....	— 25
Félagsfundur 6. júní 1979 .....	— 27
(Félagsfundir í júlí og ágúst 1979) .....	— 30
Félagsfundur 5. september 1979 .....	— 30
Félagsfundur 3. október 1979 .....	— 32
Félagsfundur 4. nóvember 1979 .....	— 34
(Félagsfundur 5. desember 1979) .....	— 38
Til lesenda Félagsblaðs Nýalssinna .....	— 38
Bækur og tímarit (Auglýsing) .....	— 39